

Fundargerð

ÁRSFUNDAR

Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2020

Haldinn mánudaginn 25. maí 2020 kl. 16:30

á Grand hóteli, Hvammi, Reykjavík

Formaður stjórnar, Benedikt Þór Valsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 17, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir. Gögn fundarins voru birt rafrænt á heimasíðu sjóðsins.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Benedikt Þór Valsson flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Árið 2019 var afar hagstætt hjá Brú lífeyrissjóði. Raunávöxtun ársins í A og V deild var 7,5% og meðaltal raunávöxtunar sjóðsins var 5,1% síðustu 5 ár og meðtalið fyrir síðustu tíu ár var 4,3% sem er yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu. Raunávöxtun B deildar var 7,6% og 5 ára meðaltal raunávöxtunar var 4,3%.

Markaðir á árinu 2019 voru gjöfulir og á innlendum skuldabréfamarkaði var árið gott. Allar skuldabréfavísitölur Kauphallarinnar hækkuðu og ávöxtun var góð, einkum vegna þess að ávöxtunarkrafa langra skuldabréfa lækkaði. Innlendir skuldabréfamarkaður hefur því skilað góðum gengishagnaði sem bættist við ávöxtun skuldabréfanna.

Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2019 var einstaklega góð og hækkaði úrvalsvísitalan (OMXI10) um rúmt 31% og heildarvísitala hlutabréfa (OMXIGI) um tæp 25%. Þetta er góður viðsnúningur frá árinu 2018 þegar heildarvísitala hlutabréfa lækkaði um 2,8%. Hækkunar á árinu 2019 má að mestu rekja til mikillar hækkunar á hlutabréfaverði Marel í aðdraganda skráningar félagsins í Hollensku kauphöllina, Euronext, en Marel er langsamlega stærsta félagið í Nasdaq Iceland kauphöllinni.

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á helstu verðbréfamörkuðum var einnig góð á árinu 2019 þrátt fyrir efnahagsóvissu, viðskiptastríð og óvissu með niðurstöðu Brexit.

Rekstur sjóðsins 2019

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2019 rúmir 249 ma.kr. og hækkuðu um 32,7 ma.kr. á milli ára. Fjárfestingatekjur námu 23,4 ma.kr. og rekstrarkostnaður var 524 m.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Samkvæmt lögum verða lífeyrissjóðir að eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum.

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar fyrir árið 2019 er halli á stöðu A deildar sem nemur 4,1%, halli í V deild nemur 2,2% og hallinn í B deild nemur 20,1% að teknu tilliti til aukaframlags ábyrgðaraðila. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins mun fara betur yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

Íslenskir lífeyrissjóðir standa frammi fyrir krefjandi aðstæðum. Á síðustu misserum hafa vextir farið lækandi hérlendis og erlendis og ólíklegt að sú þróun eigi eftir að breytast á næstunni. Áður gáfu skuldabréf háa raunvexti en þannig er staðan alls ekki nú. Þetta lágvaxtaumhverfi kallar á skoðun viðmiða sem notuð eru til að meta skuldbindingar lífeyrissjóðanna sem nú er 3,5% raunávöxtun. Þá hefur hækkandi lífaldur töluverð áhrif á skuldbindingar sjóðanna en hingað til hafa skuldbindingar verið reiknaðar út frá lífslíkum byggðum á reynslu fortíðar en ekki spá til framtíðar. Á árinu 2015 kynnti Félag Íslenskra Tryggingastærðfræðinga nýjar forsendur við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem tóku mið af framtíðarspám en þær hafa ekki enn verið teknar í notkun. Útreikningar byggðir á þeim forsendum sýndu neikvæð áhrif á stöðu sjóðanna. Við verðum að vera vakandi yfir þeim þáttum sem hafa áhrif á skuldbindingar sjóðsins því það er ekki gott að lofa einhverju sem ekki er hægt að standa við. Mikilvægt er að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um hvernig lífeyriskerfið á að vera og hvernig það tekur á hækkandi lífaldri og lægri ávöxtun, en ljóst er að ekki er hægt að bíða mikið lengur með þá vinnu.

Umsvif lánadeildar hafa aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánum. Sjóðurinn hefur ekki þrengt lánareglur líkt og aðrir lífeyrissjóðir en sjóðurinn telur að lánin séu góður fjárfestingarkostur. Einnig er ánægjulegt að sjá hvað sjóðurinn hefur gert mörgu ungu fólki mögulegt að kaupa sína fyrstu fasteign. Greinilegt er að sjóðfélagar fylgjast vel með lánakjörum á markaðnum og hika ekki við að endurfjármagna eldri og óhagstæðari lán ef svo ber undir. Upplýsingarsíðurnar herborg.is og aurbjorg.is koma þar sterkt inn og auðvelda neytendum að bera saman lánakosti og taka skynsamlega ákvörðun. Með fjölbreyttu framboði af lánakostum nálgast sjóðurinn sjóðfélaga sína mun fyrir en ella á æviskeiðinu sem hefur jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til sjóðsins.

Þrátt fyrir að fyrirbyggjandi ársskýrsla Brúar, sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, sé yfirferð á starfsemi ársins 2019 er óhjákvæmilegt að nefna áhrif COVID-19 veirunnar á árinu 2020. Ekki er útséð hver áhrif veirunnar á hagkerfi heimsins verða til framtíðar en þegar liggur fyrir að allir markaðir hafa orðið fyrir höggi sem óhjákvæmilega hefur áhrif á sjóðinn og eignasafn hans. Bein áhrif eru að virði innlendra og erlendra hlutabréfa hefur lækkað en veiking íslensku krónunnar hefur vegið upp lækkunina að einhverju marki. Búast má við talsverðum verðsveiflum á fjármálamörkuðum næstu misserin. Vanskil sjóðfélagalána, sem hafa verið mjög lítil, munu vafalítið aukast tímabundið en sjóðurinn hefur kynnt úrræði til þess að hjálpa lántakendum til að komast yfir tímabundna erfiðleika. Þá munu félög lenda í erfiðleikum með að standa í skilum með sínar afborganir en sjóðurinn er aðili að samkomulagi á fjármálamarkaði um úrlausn slíkra mála. Jafnframt hafa stjórnvöld kynnt ýmis úrræði sem munu gagnast mörgum. Sjóðurinn hefur úr nægum fjármunum að spila til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum sem og öðrum útgjöldum. Sjóðurinn mun því að öðru óbreyttu geta staðið við skuldbindingar sínar. Starfsemi sjóðsins tekur mið af þeim ráðleggingum og reglum sem stjórnvöld ákveða sem hefur áhrif á afgreiðslu mála og þjónustustig meðan þetta ástand varir.

Sem fyrr hefur mikið áunnist á árinu sem lýtur bæði að þjónustu sjóðsins og innri starfsemi hans. Stjórn sjóðsins ákvað að styðja við áhættustýringu sjóðsins með því að stofna áhættunefnd sem er undirnefnd stjórnar. Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn við mótun áhættu- og áhættustýringastefnu, leggja mat á fyrirkomulag áhættustýringar og virkni hennar, yfirfara áhættuskýrslur og eigið áhættumat. Áfram var lögð áhersla á þróun og innleiðingu stafrænna lausna

í starfsemi sjóðsins sem hefur gert góða þjónustu við sjóðfélaga enn betri og aukið hagkvæmni í rekstri.

Sjóðurinn hefur á að skipa afar hæfu og frjósömu starfsfólki sem hefur eignast sex nýja þegna á árinu. Þá býr starfsfólkið yfir mikilli reynslu og þekkingu sem gagnast vel þegar sinna þarf krefjandi og flóknum verkefnum. Fyrir hönd stjórnar þakka ég starfsfólki sjóðsins fyrir afar gott samstarf og vel unnin störf.

Þá ber að þakka gott samstarf við aðra stjórnar- og nefndarmenn en á árinu 2019 voru haldnir 20 stjórnarfundir og námsdagar stjórnenda um fjárfestingar og siðferðisleg viðmið.

Að lokum legg ég þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins og í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 9. maí. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur 2019

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2019 og greindi jafnframt frá því að ný ársskýrsla sjóðsins væri birt á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 32,7 ma.kr. á árinu 2019 sem samsvarar 10,4% nafnávöxtun og 7,5% raunávöxtun.

Brú starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A og V deild og svo B deild sem samanstendur af sjö réttindasöfunum sem eru með bakábyrgð viðkomandi sveitarfélaga.

Virkir sjóðfélagar voru 18.548 að meðaltali á árinu 2019 og fjölgaði þeim um 880 í A deild og 6 í V deild en í B deild fækkaði þeim um 31, en rúmlega 105 þúsund einstaklingar áttu réttindi í sjóðnum í árslok 2019. Lífeyrisþegum fjölgaði í öllum deildum, í A deild um 545, í V deild um 108 og í B deild um 68. Í árslok 2019 voru lífeyrisþegar hjá Brú lífeyrissjóði samtals 8.233 samanborið við 7.512 í árslok 2018.

Við yfirferð á iðgjöldum og lífeyri kom fram að iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2019 voru 14,2 ma.kr. og hækkuðu um 1,3 ma.kr. milli ára eða 10,5%. Sérstök aukaframlög á árinu voru 2,3 ma.kr. samanborið við 1,7 ma.kr. 2018. Lífeyrisgreiðslur á árinu 2019 voru 6,5 ma.kr. og hækkuðu um 935 þús.kr. frá fyrra ári eða um 16,7%. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 71,9% af greiddum lífeyri á árinu, örorkulífeyrir 19,4% og makalífeyri 7,2%.

Fjárfestingatekjur voru 23,5 ma.kr. á árinu 2019 og hækkuðu um 10,5 ma.kr. frá fyrra ári. Hagfelld á er að baki en viðsnúningur varð í ávöxtun eignarhluta í félögum og sjóðum sem skiluðu tæpum 10 ma.kr. í fjárfestingatekjur samanborið við tap upp á 269 m.kr. á árinu 2018. Hafa þarf þó í huga að gangvirðisbreytingar eignahluta eru að mestu leyti óinnleystar tekjur eða 8,5 ma.kr. Innlendur

skuldabréfamarkaður skilaði einnig mjög góðri ávöxtun á árinu samhliða lækkun raunvaxta og voru tekjur af skuldabréfum og sjóðfélagalánnum 12,1 ma.kr. samanborið við 9,7 ma.kr. árið 2018.

Fjárfestingagjöld voru 56,7 m.kr. og lækkuðu um tæpar 3 m.kr. á milli ára. Breytingar á fyrirkomulagi eignastýringar á undanförunum árum hafa skilað sér í lægri fjárfestingargjöldum, en öll innlend stýring er nú innan sjóðsins. Óbeinar fjárfestingaþóknunir eru áætlaðar um 534,7 m.kr. og hækka um 52,0 m.kr. á milli ára, einkum vegna hærri eignastöðu.

Rekstrarkostnaður ársins var um 524,1 m.kr. og hækkaði um 12,3 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst hækkan á launum og launatengdum gjöldum. Fjöldi stöðugilda var óbreyttur milli ára en margir starfsmenn hafa verið í fæðingarorlofi. Kostnaður vegna stjórnunar og stefnumótunar hækkaði en sett var á laggirnar ný áhættunefnd sem fundaði 16 sinnum 2019 þá var heimasíða sjóðsins endurbætt fyrir 7,4 m.kr. Kostnaður vegna upplýsingatækni lækkaði um 20 m.kr. frá fyrra ári, og kostnaður vegna sérfræðinga lækkaði um 10 m.kr. frá fyrra ári sem má rekja til bættra ferla og skipulags hjá sjóðnum.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins í lok árs 2019 var 249,1 ma.kr. og hækkaði um 32,7 ma.kr. milli ára. Fjárfestingaeign sjóðsins nam alls 240,3 ma.kr. í lok árs 2019 og hækkaði um 27,7 ma.kr. á árinu. Hlutabréfaeign sjóðsins hækkaði um 19,7 ma.kr. frá fyrra ári og skuldabréf um 11,1 ma.kr. Bundnar bankainnstæður lækkuðu um 3,1 ma.kr. og voru 4,0 ma.kr. í lok árs 2019.

Kröfur og aðrar eignir árslok 2019 eru 1,8 ma.kr. samanborið við 1,7 ma.kr. í árslok 2018 og er stærsti hluti krafna, iðgjaldakröfur. Sjóður og veltiinnlán voru 7,4 ma.kr í árslok 2019 en 2,7 ma.kr. í lok árs 2018. Skuldir í árslok voru 394 m.kr. og eru að stærstum hluta vegna ógreiddrar staðgreiðslu af lífeyrisgreiðslum í árslok 2019.

Ávöxtun ársins 2019 var einstaklega góð og önnur besta raunávöxtun sjóðsins sl. 11 ár. Meðalraunávöxtun sjóðsins á árinu 2019 var 7,5%, síðustu 5 ára 5,0% og síðustu 10 ára 4,3%. Raunávöxtun A og V deildar á árinu 2019 var 7,5% en 7,6% í B deild. Við yfirferð á fjárfestingaeign kom fram að samsetning eigna A og V deildar er sú sama, þar sem eignum deildanna er stýrt sameiginlega. Samsetning eigna er önnur í B deild á þann veg að vægi eignarhluta í félögum er minna og vægi skuldabréfa meira.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.

Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi sjóðsins að kynna skýrslu sína um tryggingafræðilega athugun.

3. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson kynnti skýrslu sína um tryggingafræðilega athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2019. Fór hann yfir megintilgang og aðferðafræði en árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað en eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða er metin með tölfræðilegum líkum.

Helstu forsendur útreikninga tryggingafræðilegra athugana eru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, rg. nr. 391/1998. Mikilvægustu forsendurnar eru um vexti og lífslíkur. Ef talið er að aðrar forsendur en staðalforsendur eigi betur við í viðkomandi sjóð er

tryggingastærðfræðingi heimilt að nota aðrar forsendur, en ef vikið er frá staðalforsendum ber einnig til samanburðar að reikna eftir staðalforsendum.

Fjármálaráðuneytið gaf í desember 2019 út nýjar staðalforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir. Um er að ræða uppfærslu á þeim forsendum sem notaðar voru við tryggingafræðilega athugun Brúar lífeyrissjóðs árið 2018. Breytingin felst í uppfærslu á lífslíkum frá reynslu lífeyrissjóða 2010-2014 til samræmis við breytingar sem urðu hjá þjóðinni frá 2010-2014 til 2014-2018. Litlar breytingar urðu á lífslíkum kvenna og eru áhrifin lítil hjá sjóðnum því meirihluti sjóðfélaga eru konur.

Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 20,1% í árslok 2019. Heildareignir voru 46,5 ma.kr. og heildarskuldbindingar 58,1 ma.kr. og nemur því hallinn 11,7 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 33,5 ma.kr.

Hækkun mats í B deild vegna breytinga á forsendum um lífslíkur var 0,3% af skuldbindingum en ávöxtun eigna var umfram viðmiðun tryggingafræðilegra athugana. Ávöxtun var góð en auk þess hækkuðu laun óvenjulega lítið og batnaði staða deildarinnar á árinu 2019.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar V deildar í árslok 2019 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2019 var 33,8 ma.kr. og hækkaði um 5,2 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2019 var 34,2 ma.kr. og hækkaði um 5,3 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 415,1 m.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 1,9 ma.kr. eða um 2,2% af heildarskuldbindingunni.

Hækkun mats í V deild vegna breytinga á forsendum um lífslíkur nam um 0,5% af skuldbindingum. Ávöxtun ársins var góð en örorkuskuldbinding hækkaði umfram forsendur. Gera þarf breytingu á réttindatöflum vegna breytinga á lífs- og örorkulíkum.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar A deildar í árslok 2019 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2019 var 158,3 ma.kr. og hækkaði um 16,9 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2019 var 183,0 ma.kr. og hækkaði um 20,9 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 24,7 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 14,1 ma.kr. eða um 4,1% af heildarskuldbindingunni.

Hækkun mats í A deild vegna breytinga á forsendum um lífslíkur nam um 0,6% af skuldbindingum. Gera þarf breytingu á réttindatöflum vegna breytinga á lífs- og örorkulíkum.

Staða lífeyrisaukasjóðs miðað við núverandi forsendur sýnir verulegan halla, en hallinn minnkar á milli ára vegna góðrar ávöxtunar. Ávöxtun og brottfall úr kerfinu næstu ár mun ráða því hvort kerfið stenst án breytinga.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2020.

Fram kom að markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og stefnur, sbr. heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stefnu sjóðsins um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum og hluthafastefnu sjóðsins. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og væntanlegrar útgáfu og annarra þátta sem talið er að kunnir að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári.

Í ljósi markaðsaðstæðna er horft til þess í fjárfestingastefnu sjóðsins 2020 fyrir A og V deild, að auka enn frekar við eignir í erlendum hlutabréfum úr 16% í 18% en draga úr fjárfestingu í innlendum skuldabréfum og innlánum úr 59% í 55%. Í ljósi þeirrar aukningar sem verið hefur í útgefnum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum til sjóðfélaga var ákveðið að hlutfall þess eignaflokks sem nær m.a. yfir sjóðfélagalán hækki enn frekar og fari úr 12% í 13% og erlend skuldabréf og innlán fari úr 0% í 1%.

Vægi skuldabréfa og innlána í A og V deild minnkar því úr 71% í 69% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestingsjóða eykst og fer úr 29% í 31%.

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna.

Ákveðið var að draga aðeins úr skuldabréfum og innlánnum hjá B deild úr 75% í 74% en auka við stöðu hlutabréfa og fagfjárfestingarsjóða úr 24% í 26%. Í ljósi markaðsaðstæðna er horft til þess að auka við eignir í erlendum hlutabréfum úr 16% í 18% en draga úr fjárfestingu í innlendum hlutabréfum úr 9% í 8%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.

Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.

5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Núverandi stjórn tók til starfa í desember 2018. Engar breytingar hafa verið á stjórnarmönnum eða varamönnum á árinu. Samband íslenskra sveitarfélaga skipaði þrjá stjórnarmenn en það eru Benedikt Þór Valsson sem er formaður stjórnar, Auður Kjartansdóttir og Halldóra Káradóttir. Varamenn þeirra eru Sigurður Ármann Snævarr, Halla Margrét Tryggvadóttir og Edda Schram. BSRB skipar tvo stjórnarmenn en það eru Garðar Hilmarsson og Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Varamenn þeirra eru Magnús Smári Smáráson og Anna María Gunnarsdóttir. Bandalag háskólanna skipar einn stjórnarmann en það er Þorkell Heiðarsson og varamaður hans er María Rúnarsdóttir.

Endurskoðunarnefnd er einnig óbreytt frá fyrra ári en nefndarmenn eru Karl Björnsson formaður, Birgir Björn Sigurjónsson og Garðar Hilmarsson.

Áhættunefnd tók til starfa á árinu 2019. Nefndarmenn eru Birgir Björn Sigurjónsson formaður og Halldóra Káradóttir.

6. Kynning á breytingum samþykktu sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttindasviðs, greindi frá því að engar breytingar hafi verið gerðar á samþykktum sjóðsins á árinu 2019. Gildandi samþykktir Brúar eru frá 24. ágúst 2018.

Ekki liggja fyrir tillögur að breytingum á samþykktum á árinu 2020 en á næstunni þarf að huga að breytingum á töflum um lífs- og örorkulíkur sem kallar á samþykktabreytingar.

7. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og erindi og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 17:30.

Þóra Jónsdóttir, fundarstjóri

Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari